

Nr. 161

9. febrúar 2015

## REGLUGERÐ um sameiginlegt gjaldtökukerfi fyrir flugleiðsögupjónustu.

1. gr.

*Markmið.*

Markmið reglugerðar þessarar er að koma á sameiginlegu gjaldtökukerfi fyrir flugleiðsögu-  
þjónustu.

2. gr.

*Gildissvið.*

Gildissvið reglugerðarinnar er nánar skilgreint í 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 391/2013 um  
sameiginlegt gjaldtökukerfi fyrir flugleiðsögupjónustu, með síðari breytingum.

3. gr.

*Lögbært yfirvald og framkvæmd.*

Samgöngustofa telst lögbært yfirvald samkvæmt reglugerð þessari og sér um framkvæmd  
hennar.

4. gr.

*Innleiðing.*

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar  
(ESB) nr. 391/2013 frá 3. maí 2013 um sameiginlegt gjaldtökukerfi fyrir flugleiðsögupjónustu, með  
þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XIII. viðauka EES-samningsins, bókun 1 um altæka  
aðlögun og öðrum ákvæðum hans, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 237 frá  
13. desember 2013. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 4  
frá 23. janúar 2014, bls. 521.

5. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. mgr. 57. gr. a, sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr.  
60/1998, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Um leið fellur reglugerð nr. 1156/2011, um  
sameiginlegt gjaldtökukerfi fyrir flugleiðsögupjónustu, úr gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 9. febrúar 2015.*

**Ólöf Nordal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 23. febrúar 2015